STJÓRNARTÍÐINDI B 5 — 1965

28. maí 1965. 239 Nr. 117.

REGLUGERÐ

um vísitölulán veðdeildar Landsbanka Íslands.

1. gr.

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands. Skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar. Hlutverk veðlánakerfisins er að veita lán gegn veði í nýjum íbúðum.

2. gr.

Veðdeildinni skal heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf) til handhafa, sem nafnskrá má í bókum hennar. Vaxtabréf þessi skulu vera með jafngreiðslufyrirkomulagi vaxta og afborgana (annuitet), en háð ákvæðum laga nr. 63/1964, um kaupgreiðsluvísitölu. Heimilt skal að gefa út bankavaxtabréf að upphæð 400 millj. kr. á ári. Upphæð vaxtabréfanna skal tilgreind á hverju bréfi og bréfin samin eftir fyrirmynd og í stærðum, sem stjórn veðdeildarinnar ákveður. Skal stjórn veðdeildarinnar undirrita bréfin. Vaxtabréf þessi, ásamt vöxtum og vísitölu, eru undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu, sbr. III. kafla laga nr. 70/1962, sbr. 31. gr. laga nr. 51/1964.

3. gr.

Veðdeildarflokkar þessir skulu undanþegnir tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Vaxtabréf þessi skulu nefnd vísitölubréf veðdeildar Landsbanka Íslands, og skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að skipta þeim í flokka eftir því, sem hún telur bezt henta, og einkenna þá þannig, að 1. flokkur nefnist E-flokkur 1 o. s. frv. í áframhaldandi töluröð.

Af bréfum þessum skal á ári hverju greiða 4% vexti.

Þegar hafin er útgáfa nýs flokks vísitölubréfa, skal kaupgreiðsluvísitala sú, sem þá er í gildi, skráð á bréfin, sem grunnvísitala þeirra. Bréfin eru afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðist síðan á 25 árum með jafnri greiðslu afborgana og vaxta (annuitetsgreiðslu), þó þannig, að árgreiðslan hækkar eða lækkar í samræmi við hækkun eða lækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem kann að hafa orðið frá því að vísitölubréfin voru gefin út til kaupgreiðsluvísitölu febrúarmánaðar næst á undan gjalddaga árgreiðslunnar.

4. gr.

Verði breytingar gerðar á grundvelli kaupgreiðsluvísitölu á meðan vísitölubréfin eru útistandandi, skal skipuð þriggja manna nefnd til að úrskurða, hvernig reikna skal á milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Einnig skal nefndin úrskurða öll vafaatriði er rísa kunna vegna breytinga á útreikningi kaupgreiðsluvísitalna. Í nefndinni skulu sitja hagstofstjóri, sem skal vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af hæstarétti og hinn þriðji af Seðlabanka Íslands.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Verði felld úr gildi lög um verðtryggingu launa nr. 63/1964 án þess að í stað þeirra komi ný ákvæði um útreikning kaupgreiðsluvísitölu eða um aðra vísitölu, er launagreiðslur breytast eftir, skal þá halda áfram útreikningi kaupgreiðsluvísitölu samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga vegna vísitölulána þessara. Aldrei skal þetta þó leiða til hækkunar á neinu tímabili milli gjalddaga, er sé umfram hækkun á kaupi verkamanna í Reykjavík. Áðurnefnd úrskurðarnefnd skal kveða nánar á um framhald þessara útreikninga.

5. gr.

Vextir og afborganir af vaxtabréfum E-flokka skulu greiðast einu sinni á ári hinn 1. september, gegn framvísun bréfanna. Vaxtabréfseigandi skal rita vottorð um greiðslu afborgana — vaxta — og vísitölu á bréfin, um leið og greiðsla fer fram. Sú vísitöluhækkun, sem greidd kann að verða á vísitölubréf veðdeildarinnar, skal reiknast til skatts eftir sömu reglum og um vexti væri að ræða, hvort heldur um vaxtabréfseiganda eða skuldara er að ræða.

6. gr.

Auk veðskuldabréfa viðeigandi veðdeildarflokka, skal trygging fyrir vaxtabréfunum vera:

1. Eignir Byggingarsjóðs ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 19/1965.
2. Einföld ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggginganna 1—2, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan greinir.

7. gr.

Auk árlegra tekna Byggingarsjóðs ríkisins, samkvæmt 4. gr. laga nr. 19/1965, skal leggja í sjóðinn árlegan tekjuafgang ofangreindra veðdeildarflokka svo og tekjuafgang af erlendum lánum, sem veðdeildin kann að taka til íbúðalána.

8. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur samkv. 6. gr. laga nr. 19/1965:

A. Fé Byggingarsjóðs ríkisins, samkv. 4. gr. og sparnaðarfé samkv. 9. og 10. gr. laga nr. 19/1965.
B. Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa), samkv. 5. gr. laga nr. 19/1965, frá atvinnuleysistryggingasjóði, en fyrir árlegt framlag ríkissjóðs til þess sjóðs, skal kaupa slík bréf af tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum aðilum.
C. Erlend lán, sem Byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

9. gr.

Húsnæðismálastjórn úthlutar lánum úr veðdeildarflokkum þessum.

10. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána eftirtöldum aðilum:

A. Sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum.
B. Öðrum aðilum gegn veði í íbúðarhúsum, einstökum íbúðum og meiri háttar viðbyggingum, enda fylgi þá hverju einstöku veði örugg lóðarréttindi.

Meiri háttar viðbyggingar skulu í þessu sambandi í fyrsta lagi taldar byggingar, er skapa nýja sjálfstæða íbúð eða íbúðir, enda þótt nokkur hluti af þeim myndist af hinni eldri byggingu og í öðru lagi viðbyggingar, sem auka um að minnsta kosti

20 m² gólfflöt eldri íbúðar, enda hafi íbúðin fyrir stækkun verið talin ófullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar og ekki stærri en 80 m². Lánin veitast aðeins til bygginga eða kaupa á nýjum íbúðum, enda hafi húsnæðismálastjórn gefið lánsloforð áður en byggingarframkvæmdir hófust eða kaup á nýjum íbúðum voru gerð.

Ávallt skal það tilskilið, að veðið fullnægi gildandi byggingarsamþykkt viðkomandi sveitarfélags, þar sem hún er fyrir hendi, og sé á stað, þar sem auðvelt er að sækja til almennrar atvinnu.

11. gr.

Lánsupphæðin má ekki nema meiru en ¾ hlutum af virðingarverði veðsins og þó aldrei meira en 280 þús. kr. á hverja íbúð, sbr. þó 7. gr. laga nr. 19/1965 B-lið og III. kafla sömu laga 10. gr.

12. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkar þessir taka að veði, skulu metnar af virðingarmönnum veðdeildarinnar, þar sem þeir eru starfandi. Ella skulu tveir óvilhallir dómkvaddir menn eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra meta, en þó skal veðdeildinni heimilt, er henni finnst ástæða til, að tilnefna menn þessa eða láta matsmenn sína endurskoða mötin. Eignir skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund hafa í kaupum og sölum, þó aldrei hærra en áætla má, að raunverulegur byggingarkostnaður þeirra hafi verið. Skal hverju einstöku veði lýst nákvæmlega, tilgreina stærð, flatarmál og rúmmál, hversu mörg herbergi, hvað veðinu fylgir og á hvaða tíma það hefur verið tekið til notkunar, svo og stærð lóðar og afnot af henni.

13. gr.

Lán þessi veitast aðeins gegn 1. veðrétti.

14. gr.

E-lán skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan á 25 árum með föstu árgjaldi afborgana og vaxta (anuitetsgreiðsla). Vextir af lánum þessum skulu vera 4% af eftirstöðvum lánsins eins og þær eru fyrir hvern gjalddaga og greiðast eftir á. Tillag til rekstrarkostnaðar er ¼% á ári af upphæð lánsins eins og það er fyrir hvern gjalddaga. Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður, skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á samkvæmt þeirri hækkun eða lækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem kann að hafa orðið frá því sem lánið var veitt til febrúarmánaðar næst á undan gjalddaga.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingarhátta eða takmarkaðs tíma lóðarréttinda.

15. gr.

Lán þau, sem veitt eru úr veðdeildarflokkum þessum, skulu greidd í peningum, allt að frádregnum gjöldum við lántökuna samkvæmt reglum deildarinnar. Lántaki getur, ef hann óskar þess, fengið að undirrita skuldabréf fyrir lánunum og fengið andvirði þeirra útborgað í þeim sparisjóði eða bankaútibúi, sem hann skiptir við, og ber honum þá að tilkynna veðdeildinni það. Enn fremur er honum heimilt að greiða vexti og afborganir af lánunum á sama stað.

16. gr.

Veðdeildinni er heimilt að afgreiða E-lánin, þegar byggingin er komin það langt áleiðis, að hún samkvæmt mati geti talizt öruggt veð fyrir láninu.

17. gr.

Til þess að fá lán úr veðdeildarflokkum þessum, verður að fullnægja þeim skilyrðum, er nú skal greina:

a. Skriflega úthlutun á E-láni frá húsnæðismálastjórn.
b. Útvega virðingargerð í samráði við veðdeildina, samkvæmt 12. gr. reglugerðar þessarar.
c. Leggja fram veðbókarvottorð og lóðarsamning.
d. Leggja fram byggingarvottorð frá byggingarfulltrúa eða hreppstjóra um, að húsið sé byggt samkvæmt gildandi byggingarreglum á staðnum.
e. Leggja fram brunabótaskírteini.
f. Samþykki maka, ef um giftan aðila er að ræða, annars vottorð um hjúskaparstöðu.
g. Útvega önnur gögn, sem veðdeildin kann að álíta nauðsynleg hverju sinni.

18. gr.

Hver lántakandi skal við lántöku greiða 1% af lánsupphæðinni í Byggingarsjóð ríkisins. Verði eigendaskipti að veði, sem veðsett er deildinni, fyrstu 3 árin eftir að lán er tekið, skal kaupandi strax og kaup eru gerð tilkynna það húsnæðismálastjórn og leita samþykkis hennar til yfirtöku lánsins, en húsnæðismálastjórnin skal síðan tilkynna veðdeildinni þetta og á hvaða hátt hún hefur tekið ákvörðun um yfirtöku hins nýja eiganda veðsins á láninu.

19. gr.

Lánum þeim, sem veitt eru úr veðdeildarflokkum þessum, má veðdeildin eigi segja upp meðan lántakandi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefur undirgengizt. En hins vegar skal stjórn veðdeildarinnar heimilt að segja fyrirvaralaust upp láni, verði um verulegar vanefndir að ræða á lánssamningnum, en í þessu sambandi skal sala á eign, þar sem kaupandi tekur að sér greiðslu lána án samþykkis húsnæðismálastjórnar, talið til verulegra vanefnda.

20. gr.

Hinn 1.—15. maí ár hvert falla vextir, afborganir, tillög til rekstrarkostnaðar, svo og sú vísitölubreyting, sem kann að verða af lánum veðdeildarinnar í gjalddaga, í einu lagi.

Um lán, sem tekin eru á tímabilinu frá 1. maí til 1. marz, skal gilda sú regla, að af láninu skal greiða hinn 1 maí næstan á eftir lántöku, tillag til rekstrarkostnaðar og vexti frá fyrsta degi þess mánaðar, sem lánið er tekið, en sé lán tekið í marz eða apríl, skal greiða gjöld þessi fyrirfram frá fyrsta degi þess mánaðar, sem lánið er tekið, til 1. maí næst á eftir, auk hins venjulega lántökugjalds.

21. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir, sem þó standi á 1000 krónum, eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslum þessum má hann lúka með vaxtabréfum tilsvarandi lánaflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef stjórn veðdeildarinnar samþykkir, og þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

22. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefur innan 1. júní greitt árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1% fyrir hvern mánuð frá 1. maí til greiðsludags, og skal hver

byrjaður mánuður talinn sem heill í þessu sambandi. Þó mega dráttarvextir þessir ekki vera hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

23. gr.

Handhafar eða eigendur vaxtabréfa geta gegn framvísun þeirra fengið greidda vexti, afborganir og vísitöluuppbætur af þeim á hinum ákveðna gjalddaga í skrifstofu veðdeildarinnar.

24. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar og getur þá bankastjórnin krafizt þess með auglýsingu, að handhafi bréfsins gefi sig fram innan 4 mánaða. Auglýsingin skal birt þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin gefið út handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra glataðra bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

25. gr.

Þegar lán er gjaldfallið, hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð til fullnustu á láninu, allt án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á.

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram á skrifstofu uppboðshaldara.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 frá 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Hjálmar Vilhjálmsson.

1. júní 1965. Nr. 118.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Ísafjarðar, nr. 4 í auglýsingu nr. 45 20. marz 1957.

Aftan við 6. gr. samþykktarinnar bætist nýr liður, C., svo hljóðandi:

Samlagið greiðir helming sjúkraflutnings samlagsmanna til sjúkrahúss, þó því aðeins, að samlagslæknir ráðleggi flutninginn hverju sinni.